

Ár 2024, þriðjudaginn 7. október 2024, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Tönju Tómasdóttur, dómara.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2024

Kraftlyftingasamband Íslands

gegn

Grétari Skúla Gunnarssyni

Gögn málsins liggja frammi. Málið er skriflega flutt.

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi:

Úrskurður:

Málinu var skotið til Dómstóls ÍSí á grundvelli gr. 40.1 í lögum ÍSí sem kveður á um skyldu stjórna sérsambanda til að skjóta óhlutgengisúrskurðum yfir íþróttamönnum, sem brotlegir eru, til dómstólsins. Málið barst dómstólnum þann 15. ágúst 2024 og var úthlutað til dómara þann 19. ágúst sl. Varnaraðila var gefinn kostur á að skila greinargerð, sem liggur fyrir í málinu, ódags, en barst dómstólnum 27. ágúst sl., auk þess sem sóknaraðila var gefinn kostur á að gera athugasemd við greinargerð kærða, dags. 4. september sl.

I. Úrskurður stjórnar Kraftlyftingasamband Íslands

Í úrskurði stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) er Grétar Skúli Gunnarsson úrskurðaður óhlutgengur í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar, þann 15. ágúst 2024. Með því skal hann sæta útilokun frá þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan Kraftlyftingasambands Íslands og er sviptur rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan kraftlyftingasambandsins.

Er úrskurðinum skotið til Dómstóls ÍSí á grundvelli gr. 40.1. í lögum ÍSí.

II. Málalíbúnaður sóknaraðila.

Stjórn KRAFT byggir ákvörðun sína á því að varnaraðili hafi sýnt af sér ítrekaða óíþróttamannslega framkomu á bikarmóti KRAFT þann 22. október 2023, sem haldið var í íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ. Í kjölfar mótsins barst stjórn KRAFT fjölmargar kvartanir og ábendingar vegna framkomu og hegðunar varnaraðila í mótinu og þar á meðal skýrsla frá dómurum mótsins.

Úrskurðurinn byggir á fimm tilvikum sem rakin eru í úrskurði KRAFT, og staðfest eru með frásögn vitna, áverkavottorði, skýrslum dómara og myndbandsupptökum frá umræddu móti. Tilvikin eru eftirfarandi:

- Vitnið A, sem var aðstoðarmaður keppanda á mótinu, lýsir því að varnaraðili hafi veitt henni högg með olnboga í brjóstakassa hennar þegar þau mættust í dyragætt að áhorfendasal. Var hún á leið út og varnaraðili inn. Hafi varnaraðili veitt A högg án nokkurs fyrirvara og tilefnis en engin orðaskipti voru á milli þeirra þegar höggið var veitt að sögn A. Kallaði A á eftir varnaraðila sem sýndi engin viðbrögð. Er frásögn A staðfest af vitnum ásamt áverkavottorði. Mun A hafa kært atvikið til lögreglu.
- Vitnið B, sem var þjálfari og aðstoðarmaður keppanda á mótinu, lýsir því að varnaraðili hafi veitt honum högg með öxl í brjóstakassa þar sem B stóð við dyragætt að upphitunarsvæði og var að ræða við A. Vitni staðfesta frásögn B á þá leið að B hafi stigið til hliðar til að hleypa varnaraðila en hann hafi þá keyrt öxlina í axlar- eða bringusvæði B. Þar sem B væri lágvaxnari en varnaraðili hafi hann beygt sig niður eða látið öxlina síga til að koma höggi á hann.
- Vitni lýsa atviki með þeim hætti að keppendur hafi verið við upphitun á upphitunarsvæði. Varnaraðili hafi setið á stól skammt frá rekknum þegar keppendum fór fjölgjandi og viðhafði varnaraðili munnlegar athugasemdir um að ekki mætti hleypa of mörgum að í rekkann. Hafi varnaraðili rokið upp úr stólnum og upp að einum keppanda, með krepptan hefann framan í viðkomandi, sett brjóstakassann út og sagt hárrí röddu að keppandi á vegum Kraftlyftingafélags Akureyrar væri væntanlegur og að þeir myndu henda öðrum keppendum burt til þess að búa til pláss. Hafi keppendur færst sig í burtu frá rekknum vegna ógnandi hegðunar varnaraðila.

4. Vitni lýsa því að þegar keppni var í kvennaflokki hafi varnaraðili ásamt öðrum liðsmönnum KFA haft óviðeigandi ummæli um að vond lykt væri af ól sem varnaraðili hafi notað við að vefja keppanda KFA þar sem hann væri alltaf að vefja ólinni um typpið á sér.
5. Á mótinu vantaði svokallaðar metaskífur sem varð til þess að keppni seinkaði. Samkvæmt frásögn vitna sakaði varnaraðili KRAFT um að hafa gert þetta viljandi og beindi ummælum sínum að þremur dómurum sem jafnframt eru stjórnarmenn í KRAFT. Þá viðhafði varnaraðili þau ummæli að „fáranlegt væri að setja konur í þetta hlutverk því þær gætu ekki staðið við svona verkefni“. Var dómari jafnframt sakaður um samsæri gegn KFA og að KRAFT væri að gera þetta viljandi. Þá hafi ýmis önnur óviðeigandi ummæli verið látin falla samkvæmt frásögn vitna, sem staðfest eru í skýrslu dómara.

Samkvæmt niðurstöðu úrskurðar KRAFT er varnaraðili talinn hafa sýnt af sér alvarlega og óíþróttamannslega framkomu og hafi hegðun hans í fjórum tilvikum farið gegn 5. gr. mótareglna KRAFT og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ. Í fimmta tilvikinu er hann talinn hafa sýnt af sér alvarlega og óíþróttamannslega framkomu sem varði við 5. gr. mótareglna KRAFT, d-lið 1. töluliðs, c-lið 2. töluliðs og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

III. Málatalilbúnaður varnaraðila.

Varðandi þau fimm tilvik sem sóknaraðili byggir úrskurð sinn á er þetta afstaða varnaraðila:

1. Varnaraðili og vitnið A hefðu ekki rekist hvort á annað ef A hefði horft fram fyrir sig. A hafi í gegnum tíðina lagt mikið á sig við að bregða fæti fyrir varnaraðila með því að leggja fram tilefnislausar kærur til lögreglu sem hafi ekki leitt til þess að ákæra hafi verið gefin út á hendur varnaraðila.
2. Varnaðili lýsir því að hafi hann rekist í vitnið B hafi það ekki verið viljaverk. Þröngt hafi verið á mótinu og átti varnaraðili erfitt með að labba mikið um.
3. Varnaraðili eigi erfitt með að átta sig á þeirri ógnandi hegðun sem hann er sakaður um þar sem keppandinn er ekki nafngreindur og mótmælir því að hafa sýnt af sér þá hegðun sem hann er sakaður um.
4. Varnaraðili mótmælir því að hafa viðhaft óviðeigandi ummæli í samræðum við aðra félagi úr KFA.
5. Varnaraðili lýsir atvikum með þeim hætti að hann hafi verið að benda dómara á að úttekt á búnaði væri á ábyrgð dómara en vissulega beri mótshaldarar líka ábyrgð. Dómara beri að upplýsa mótshaldara ef eitthvað er ekki í lagi og er það mat varnaraðila að ekki sé hægt að sjá á myndbandi að æsingur hafi verið á aðilum.

Varnaraðili byggir á því að úrskurðaraðilar hafi tengsl við vitni A í málinu og hafi lagt sig mikið fram í því að bregða fæti fyrir varnaraðila og ítrekað staðið í vegi fyrir því að hann geti sinnt starfi sínu sem þjálfari. Þá heldur varnaraðili því fram að ekki hafi verið gert hlé á streymi frá mótinu á meðan hlé var á keppni og virðist það m.a. vera í þeim tilgangi að taka upp einkasamtöl varnaraðila við keppendur í mótinu og samtal hans við dómara. Það varði við persónuverndarlög.

Varnaraðili byggir einnig á því að umrætt mál hafi áður verið til umfjöllunar hjá dómstólnum í máli nr. 1/2024 og þar hafi því verið vísað frá þar sem kærufrestur hafi verið liðinn. Nú séu sex mánuðir liðnir frá því að dómstóllinn vísar málinu frá og tíu mánuðir frá móti og það sé með öllu óljóst hvers vegna sóknaraðili hefur kosið að úrskurða í málinu þegar svona langt er um liðið frá móti. Miðað við þá tímafresti sé ekki hægt að fallast á að úrskurður í máli falli 10 mánuðum eftir að mót fór fram.

Þá bendir varnaraðili á að úrskurður um óhlutgengi í 12 mánuði sé mjög íþyngjandi fyrir hann. Það hafi áhrif á tekjuöflun og möguleika hans til að sinna vinnu enda hafi hann atvinnu af því að þjálfra og aðstoða fólk á mótum. Það þurfi því að vera skýrar heimildir fyrir því þegar slíkri refsingu er beitt.

Varnaraðili mótmælir öllum staðhæfingum í úrskurði KRAFT um ámælisverða hegðun af hans hálfu. Á þeim tíma frá því að mál nr. 1/2024 kláraðist hafi skapast vinnufriður fyrir varnaraðila og taldi hann þessu lokið. Vegna aðgerða sóknaraðila hafi varnaraðili orðið fyrir tjóni sem hann mun sækja á stjórn sóknaraðila þar sem útlit er fyrir að þeir muni ekki láta af hegðun sinni gagnvart honum.

IV. Forsendur og niðurstöður

Dómstóllinn tekur málið til meðferðar á grundvelli gr. 40.1. í lögum ÍSÍ. Í því sambandi hefur eldri málatilbúnaður fyrir dómstólnum ekki áhrif.

Til grundvallar úrskurðar KRAFT í máli þessu liggja fyrir frásagnir vitna, upplýsingar úr áverkavottorði og myndbandsupptökur. Með hliðsjón af þeim gögnum fellst dómstóllinn á þá niðurstöðu að varnaraðili hafi sýnt af sér óíþróttamannslega framkomu og ógnandi hegðun á því móti sem um ræðir. Frásagnir vitna eru samhljóða og studdar af skýrslum dómara og annarra aðila sem voru á mótinu. Varnaraðili bendir á að langur tími sé liðinn frá atvikinu og að um mjög íþyngjandi niðurstöðu sé að ræða. Dómstóllinn tekur undir þá afstöðu varnaraðila en metur það svo að málatilbúnaður sóknaraðila byggir á nægilega skýrum atvikum og gögnum svo hægt sé að beita viðurlögum.

Með vísan til þessa er úrskurður sóknaraðila um óhlutgengi varnaraðila staðfestur en tímalengd óhlutengis er þó hæfilega metinn átta mánuðir.

V. Úrskurðarorð:

Úrskurður sóknaraðila um óhlutgengi varnaraðila er staðfestur en tímalengd óhlutengis er stytur úr tólf mánuðum í átta mánuði.


Tanja Tómasdóttir (sign)
dómari.

VI. Um málsskotsheimild:

Kærandi hefur rétt til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og er frestur ein vika frá deginum í dag að telja, sbr. grein 35.1 og 35.3 í lögum ÍSÍ.

